



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun Norrænu landkönnuðasýningarinnar í Haag
4. október 1996**

Þegar þjóðir heims nálgast nýtt árþúsund efna Norðurlöndin til sýningar um ferðir norrænna landkönnuða sem um aldraðir hafa auðgað reynslu alls mannkyns.

Sýningin kemur til Haag frá Heureka, finnsku vísinda-miðstöðinni, og Experimentarium í Kaupmannahöfn. Hún fer á næsta ári til Parísar, Madrid og Munchen og loks árið 1998 til Stokkhólms.

Þá verður heimsbyggðin að búa sig undir aldamótaárið 2000. Sá atburður er einstakur að mikilvægi og nánast goðsagnakenndur í eðli sínu.

Síðast þegar mannkynið stóð á slíkum tímamótum, árið 1000, voru Íslendingurinn Leifur Eiríksson og félagar hans að sigla yfir hafið og nema Vínland, finna heimsálfu sem síðar hlaut heitið Ameríka. Leifur Eiríksson var fæddur og uppalinn á Íslandi, á bænum Eiríksstöðum. Hann var fyrsti evrópski landkönnuðurinn sem steig á land í Ameríku. Nokkrum misserum síðar hélt Guðríður Þorbjarnardóttir, ekkja bróður hans, þá gift Þorfinni Karlsefni, sömu leið og ól soninn Snorra í Vesturheimi, fyrsta evrópubúann sem fæddur er á meginlandi Ameríku.

Í ræðu minni við embættistöku 1. ágúst á þessu ári hvatti ég til hátíðahalda til að heiðra víkingana sem sigldu yfir óþekkt og úfið haf og fundu meginland sem síðar varð heimkynni bandarísku þjóðarinnar og hinnar kanadísku, sem báðar eru að meginhluta myndaðar af landnemum sem í upphafi komu frá Evrópu en síðar frá öllum öðrum heimsálfum.

Sýningin sem Norræna ráðherraráðið sendir nú til Haag leiðir í ljós að frá víkingaöld til vorra tíma hafa norrænir landkönnuðir opnað nýjar víddir í þágu allra þjóða.

Danski leiðangursstjórinn Vitus Bering, norsku land-könnuðirnir Fridtjof Nansen og Roald Amundsen, sænski landfræðingurinn Sven Hedin og jarðfræðingurinn Nordenskjöld, fæddur í Finnlandi, og svo auðvitað Thor Heyerdahl sem heiðrar okkur með nærveru sinni hér í dag. Þessi nöfn eru aðeins nokkur dæmi um framlag norrænna manna til þekkingar mannkyns á eigin plánetu.

Þegar við skoðum þessa glæsilegu sýningu þá vaknar sú spurning hvaða arfleifð landkönnuðirnir hafa fært okkur. Einfalda svarið er: Þeir gerðu veröldina smærri.

Jarðarbúar lifa ekki lengur í heimkynnum þar sem ókunn svæði eru allt um kring. Á okkar tímum er sérhver hluti jarðarinnar orðinn næsta nágrenni. Þar sem landkönnuðir fóru fyrst hefur nútíma tækni í samgöngum og samskiptum fært fólkið saman.

Nú ferðumst við heimshorna á milli á einum degi, myndir berast á örskotsstund um veröld víða, og kjarnorkuflugskeyti fara um hálfan hnöttinn á hálfri klukkustund.

Nýlega, næstum í gær á mælikvarða heimssögunnar, höfum við áttað okkur á því að veðrum og höfum sem landkönnuðir sigruðu með hæfni og áræðni, er nú meiri hætta búin en við áður gerðum okkur í hugarlund.

Ef við vörpum þverskurði jarðar á vegg þá mynda höfin og andrúmsloftið svo þunna línu að hún greinist varla. Það sem við nefnum lífrými jarðar er þá nánast líkt og þunn ræma.

Andrúmsloftið sem virðist óendanlegt þegar við lítum til himins er aðeins um 19 km að þvermáli. Fjarlægðin héðan til endimarka þess er álíka og frá Haag til Amsterdam.

Ósonlagið sem er gæsluveggur okkar gegn útfjólubláum geislum sólar myndi ef þrýst væri saman verða líkt og málmpeningur að þykkt.

Ögrun landkönnuðanna fólst í því að sigrast á vindum og útsæ, snjóbyljum og vetrarhörkum og komast að raun um hvað var handan sjóndeildarhringsins.

Ögrun okkar felst í því að varðveita loftslag og úthöf, skóga og gróðurbelti sem eru forsenda lífsins á jörðunni. Þegar ég nú opna Norrænu landkönnuðasýninguna í Haag vil ég þakka Hollendingum fyrir framlag ykkar

í þessum málum. Mig langar að minnast fáeinum orðum á eitt þeirra vandamála sem ógnar jarðarbúum og sérstaklega Hollendingum og Íslendingum. Það er hækkun hitastigsins.

Fyrir nokkrum árum kom sveit forseta og forsætisráðherra víða að úr veröldinni saman hér í Haag til að álykta um nýtt skipulag stjórnunar og stofnana sem stuðlað gæti að varðveislu lífríkis jarðarinnar og andrúmsloftsins. Haag-yfirlýsingin frá árinu 1989 er meðal mikilvægra skrefa á þeirri braut að tryggja framtíð mannkyns.

Nýlega hefur samstarfsráð vísindamanna um breytingar á veðurfari, IPCC, varað við því að hækkun hitastigsins í lífríki jarðar sé þegar hafin. Í skýrslu sinni fyrir árið 1995 lýsir vísindaráðið því að án samræmdra aðgerða muni yfirborð sjávar hækka um hálfan til heilan metra á æviskeiða barna okkar og barnabarna. Þeir vara við vaxandi fárviðrum og þurrkum, eyðingu lífvera og lífbelta sem ekki geta lagað sig að breyttum aðstæðum.

Þeir telja jafnvel að íshella vestast á suðurpólnum kunni að brotna í sundur og þá muni sjávarborð hækka enn frekar. Þá geti og breytingar á hafstraumum aukið hitastig sjávar í norðanverðri Evrópu.

Þó enginn geti sagt með vissu hve líkleg eða ólíkleg þessi atburðarás kann að vera ættu þessar viðvaranir vísindaráðsins að vera okkur tilefni til alvarlegrar umfjöllunar. Hækkun sjávarborðs um einn metra væri ekki aðeins alvarlegt áfall fyrir Holland heldur líka okkur á Íslandi þar sem margir og þar með talinn forseti lýðveldisins búa nærri sjávarmáli. Sérhver breyting á Golfstraumnum væri vissulega ógn við Holland en gæti jafnvel orðið tortíming þeirra lífshátta sem við þekkjum á Íslandi.

Þegar við fjöllum um þessi nýju og flóknu vandamál sem krefjast nýrrar hugsunar og nýs samstarfs jarðarbúa getum við margt lært af landkönnuðum fyrri tíðar.

Ef við ætlum að halda örugg og heil á húfi til móts við nýja öld verðum við að fást við þessi vandamál af þeirri þolinmæði og atorku sem landkönnuðir sýndu á sínum ferðum.

Við verðum að vera eins áræðin og þeir þegar við fjöllum um þær hættur sem ógna framtíð barna okkar.

Umfram allt ber okkur líkt og landkönnuðum fyrri tíma að hafa að engu álit þeirra sem telja að enginn árangur muni nást.

Lærdómurinn sem landkönnuðirnir færðu okkur úr ferðum sínum er fyrst og fremst vissan um að ekkert er okkur ómögulegt.

Með þessum hugleiðingum um læradómana sem felast í þessari fróðlegu sýningu lýsi ég því yfir að Norræna landkönnuðasýningin er opnuð.